

Ár 2020, mánudaginn 30. mars, er af Áfrýjunardómstól ÍSÍ, í málinu nr. 1/2020:

**Ágúst Már Viggósson**  
**gegn**  
**Mótorhjóla- og snjósleðasambandi Íslands**

uppkveðinn svohljóðandi

**dómur:**

Málið dæma Helgi Sigurðsson, Helga Melkorka Óttarsdóttir og Hulda Árnadóttir.

Áfrýjandi skaut málinu til dómstólsins með áfrýjun 5. mars 2020. Áfrýjað er dómi dómstóls Mótorhjóla- og vélsleðasambands Íslands í máli nr. 1/2019 frá 24. febrúar 2020. Dómsorð hins áfrýjaða dóms er svohljóðandi: „Staðfest er ákvörðun stjórnar MSÍ um að keppni GFH í tvímenningsflokki sem fram fór á Sauðárkróki laugardaginn 17. ágúst 2019 hafi ekki verið lögleg.“

Málið var tekið fyrir mánudaginn 23. mars 2020. Mættir voru annars vegar áfrýjandi, Ágúst Már Viggósson, og ásamt honum Viggó Örn, og hins vegar þeir Jón Eyþórsson, formaður, Þrándur Arnþórsson, framkvæmdastjóri og Karl Gunnlaugsson, stjórnarmaður af hálfu stefnda, Mótorhjóla- og snjósleðasambands Íslands. Gerðu þeir grein fyrir sjónarmiðum hvors aðila um sig. Málið var dómtekið að fyrirtökunni lokinni.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort keppni í GFH tvímenningsflokki sem fram fór á Sauðárkróki 17. ágúst 2019 hafi verið lögleg. Í keppnisreglum Mótorhjóla- og snjósleðasambands Íslands er kveðið á um í ákvæði 3.1.3. að „Til þess að flokkur eða undirflokkur teljist löglegur þurfa minnst 5 keppendur að skrá sig í viðkomandi flokk“. Í flokknum voru fjögur lið skráð til keppni.

Þó fallast megí á þær forsendur sem fram koma hjá dómstól Mótorhjóla- og snjósleðasambands Íslands í hinum áfrýjaða dómi frá 24. febrúar sl. að eðlilegast sé að skýra orðið keppandi sem lið þegar um er að ræða keppni í tvímenningsflokki og merking orðsins keppandi fari eftir því hvort um sé að ræða einstaklingsgrein eða liðakeppni, er merking orðsins ekki ótvíræð. Í forsendum dómsins kemur einnig fram að ástæða sé til að orða þetta með skýrari hætti og stefndi segir í yfirlýsingu sinni dagsettri 30. ágúst 2019 að orðalagið sé óheppilegt og kalli á að reglurnar verði orðaðar skýrar. Í yfirlýsingu stefnda segir jafnframt að það hafi gerst nokkur undanfarin ár að stig hafi verið reiknuð til Íslandsmeistara í flokki þrátt fyrir að færri en fimm lið hafi verið að keppa. Fyrir dómnum hélt áfrýjandi því fram að þetta hafi gerst margsinnis og m.a. hafi aldrei náðst tilskilinn fjöldi í kvennaflokki sem hafi verið látið óátalið. Þessu var ekki mótmælt af hálfu stefnda en fram kom að stjórn stefnda hafi viljað taka fastar á framkvæmdinni að þessu leyti á árinu 2019. Þá voru gerðar breytingar á reglunum á árinu 2020 og liðum í kvennaflokki fækkað úr fimm í þrjú auk þess sem sett var sérstakt ákvæði í reglurnar þar sem segir að með keppanda geti bæði verið átt við einstakling eða lið. Þrátt fyrir ásetning stefnda um að miða lágmarkspáttöku við fimm lið í flokki tvímenningsa á árinu 2019 var keppendum á Sauðárkróki þann 17. ágúst 2019 ekki gerð grein fyrir því áður en keppnin hófst, að hún myndi ekki vera hluti af Íslandsmótaröðinni og stigafjöldi frá

mótinu myndi ekki teljast með. Raunar var áfrýjanda ekki tilkynnt um þá niðurstöðu fyrr en nokkrum dögum síðar. Fyrir mótshald á vegum ÍSÍ, þátttakendur jafnt sem aðra, skiptir miklu máli að reglur séu skýrar og beiting þeirra samræmd og fyrirsjáanleg. Önnur niðurstaða getur hæglega leitt til þess að úrslit ráðist af geðþóttaákvörðunum mótshaldara á hverjum tíma.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið, óskýru orðalagi, losaralegri og misvísandi framkvæmd og þess að keppendum var ekki gerð grein fyrir því fyrirfram að stigafjöldi í mótinu á Sauðárkróki teldist ekki til stíga í Íslandsmótaröðinni, verður að fallast á þá kröfu áfrýjanda að sú ákvörðun stefnda um að keppni í GFH tvímenningsflokki sem fram fór á Sauðarkróki laugardaginn 17. ágúst 2019 hafi ekki verið lögleg, verði felld úr gildi.

### D Ó M S O R Ð

Ákvörðun stjórnar Mótorhjóla- og snjósleðasambands Íslands um að keppni í GFH tvímenningsflokki sem fram fór á Sauðarkróki laugardaginn 17. ágúst 2019 hafi ekki verið lögleg er felld úr gildi.



Helgi Sigurðsson



Helga Melkorka Óttarsdóttir



Hulda Árnadóttir